

# Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

## Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs

23. maí 2023, kl. 15:30

Kvikan, Grindavík

**Mættir:** Kristinn Jón Ólafsson, Sigurveig M. Öunduradóttir og Sverrir B. Magnússon. Stella Stefánsdóttir og Ingimar Ingimarsson tóku þátt með fjarfundabúnaði.

Einnig sátu fundinn Atli Geir Júlíusson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur, René Biasone UST og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Grindavík

- Atli Geir Júlíusson ræddi m.a. aðkomu Grindavíkur að fólkvanginum og Reykjanes Geopark.

### 2. Áform Reykjavíkur

- Kjörnir fulltrúar Reykjavíkur hafa tekið ákvörðun um að skoða grundvöll þess að Reykjavík dragi sig út úr rekstri Reykjanesfólkvangs frá árinu 2024.
- Sjónarmið annarra sveitarfélaga sem áttu fulltrúa á fundinum varðandi framtíð Reykjanesfólkvangs voru rædd, en **til þess að ákveða næstu skref þarf að fá öll sveitarfélögin í fólkvanginum að borðinu.**

### 3. Umræður

- Rætt var um að stjórnarsýslu fyrirkomulag fólkvangsins væri ómarkvisst. Einnig tíð skipti í stjórn og óljóst umboð stjórnar, ekki síst fulltrúa sveitarfélaga sem ekki eiga land í fólkvanginum.
- Hvorki liggur fyrir samstarfssamningur, né stjórnunar- og verndaráætlun um fólkvanginn sem hefur verið kallað eftir skýrum svörum frá um frá UST. Þar af leiðandi er brýn vöntun á framtíðarsýn, stefnumörkun og forgangsörðun aðgerða fyrir svæðið, en tilvist Reykjanes Geopark byggir á því að svæðið sé friðlýst.
- Bent var á að nýlega var stofnuð Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins sem m.a. mun markaðssetja Reykjanesið, en auk þess er starfandi Markaðsstofa Reykjanes. **Ákveðið var að kalla eftir kynningu á báðum markaðsstofunum inn á næsta fund.**

Fundi slitið 16:55

Stefnt á að halda næsta fund um miðjan júní.